

um till. til þál. um þátttöku Íslands í Evrópuráðinu.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Af þeim frekar fátæklegu gögnum og upplýsingum, sem nefndarmönnum í utanríkismálanefnd hefur verið gefinn kostur á, hef ég ekki getað sannfærzt um, að hið svonefnda „Evrópuráð“ sé svo þýðingarmikil stofnun, eða líkleg til að verða í náinni framtíð, að mikils sé um vert fyrir Ísland að gerast aðili að henni að svo stöddu.

Þótt mér þyki líklegast, að úr „Evrópuráði“ verði ekki annað eða meira en nú er, þ. e. lauslegir málfundir ráðherra og fulltrúa ríkisstjórna nokkrum sinnum á ári, þá virðist mér ekki varlegt að áætla kostnað af þátttöku Íslands minni en 100—200 þús. kr. árlega að minnsta kosti, ef með er talinn ferðakostnaður á ráðherrafundi, eins mánaðar „ráðgjafarþing“ og nefndafundi, þ. á m. t. d. millihinganefndar, sem ráðgert er, að komi saman fjórum sinnum á ári.

Teldi ég því fé betur varið, eins og nú er ástatt um hag þjóðar og ríkis, til þess að leita íslenskum útflutningsvörum nýrra markaða og efla íslenska utanríkisþjónustu í því skyni en til þess að kosta marga fulltrúa á málfundi um stofnun yfirríkis í Evrópu frá Íslandi til Tyrklands, sem allir vita, að ekki er raunhæfur grundvöllur fyrir næstu áratugina. Tel ég, að vel megi bíða og sjá, hver árangur verður af slíkum bollalegginum, t. d. á þessu ári og því næsta, áu þess að Íslandi verði nokkur vansi að, enda mun hið vinsamlega boð til Íslands um þátttöku í „Evrópuráði“ fremur vera komið fram fyrir kurteisissakir en vegna þess, að sjálf-sagt væri talið, að Ísland væri þar með frá upphafi. Er því engin hættu á, að það ylli misskilningi eða þætti sýna andúð Íslendinga á „Evrópuhreyfingu“ (sem að vísu er ekki kunnugt um, að neinn sérstakur áhugi sé fyrir hér á landi), þótt boðinu yrði ekki tekið að svo stöddu.

Ísland er nú þegar aðili að allmörgum alþjóðlegum samtökum og millirikjastofnunum. Hefur mér verið tjáð, að til vandræða horfi um húsrúm í utanríkisráðuneytinu fyrir öll þau kynstur prentaðra gagna, sem að berast frá slíkum stofnunum, en um raunhæfan árangur eða gagn fyrir Ísland af þátttöku í þeim má hins vegar deila. Ég hygg, að leitun sé á þeim millirikjastofnunum, sem stofnað hafi verið til á óraunhæfari grundvelli en „Evrópuráð“ í núverandi mynd. Það ætti t. d. að vera augljóst, að tilgangslaust er að halda áfram að tala um tollabandalag allra þátttökuríkja í „Evrópuráði“, þ. á m. þjóða með svo gerólíka hagsmunaaðstöðu sem Bretland, Frakkland, Tyrkland og Ísland, á sama tíma og víðurkennt er opinberlega, að tollabandalag með svo nátengdum þjóðum sem Norðurlandaþjóðirnar eru sé óframkvæmanlegt og ráðlegast að hætta umræðum um það næstu tíu árin.

Alþjóðleg samtök og millirikjastofnanir alls konar eru til miklu fleiri en svo, að til mála ætti að koma, að Íslendingar eða íslenska ríkið gerðust þátttakendur í þeim öllum. Mörg þeirra, sem Íslendingum hefur ekki enn þótt ástæða til að ganga í, stefna að gagnlegum markmiðum, en önnur eru ekki annað en skálka-skjól fyrir skrafskjóður og starf þeirra einber hégómi.

Ég tel, að Ísland eigi ekki að ganga í nein slík samtök til þess eins „að vera með“ eða fyrir það eitt, að því sé boðið til þátttöku, heldur því aðeins, að sannanlega sé gagn að þátttökunni fyrir þjóðina á þeim tíma, þegar hún er ráðin, með því að einhver árangur liggi fyrir um hina alþjóðlegu starfsemi. Af starfsemi Evrópuráðs er enn enginn árangur. Litlar líkur eru til þess, að hann verði nokkurn tíma nokkur, en hægur hjá að fylgjast með starfsemi þess án nokkurs tilkostnaðar og gerast aðili að gagnlegum samþykktum þess, ef þær yrðu gerðar.

Ég get ekki lagt því lið, að sárnaumum gjaldeyri þjóðarinnar sé eytt til fánýtra fundahalda erlendis, og get því ekki mælt með því, að Alþingi samþykki, að Ísland gerist aðili að Evrópuráði að svo stöddu.

Alþingi, 20. jan. 1950.

F. R. Valdimarsson.